

Ed.

1098. Frumvarp til laga

[205. mál]

um Seðlabanka Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 23. apríl.)

Samhljóða þskj. 923 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

Þegar sérstaklega stendur á getur Seðlabankinn ákveðið með samþykki ráðherra að innlánsstofnanir skuli eiga fé á bundnum reikningi í bankanum er nemi tilteknu hlutfalli af heildarinnlánsfé hjá hverri stofnun eða af ráðstöfunarfé hennar. Með ráðstöfunarfé í lögum þessum er átt við allt það fé sem innlánsstofnun hefur til útlána. Þó er heimilt að undanskilja tiltekna flokka útlána að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankinn getur ákveðið að tiltekinn hluti aukningar innlána eða ráðstöfunarfjár við hverja stofnun skuli bundinn á reikningi í bankanum enda fari heildarinnlánsfé eða ráðstöfunarfé, sem viðkomandi stofnun sé skylt að eiga í Seðlabankanum, ekki fram úr því hámarki sem sett er í 1. mgr.

Seðlabankinn setur nánari reglur um grundvöll og framkvæmd bindingar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar að fengnu samþykki ráðherra.

Seðlabankanum er enn fremur heimilt að setja innlánsstofnunum reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða. Með lausu fé er átt við peninga í sjóði, óbundin nettóinnlán í innlendum og erlendum bönkum, ríkisvixla og aðrar sambærilegar eignir.

40. gr. hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. nóvember 1986.

Ákvæði VIII. kafla um reikningsskil gilda um reikningsárið 1985. Ákvæði 2. másl. 2. mgr. 26. gr. og 2. mgr. 28. gr. taka einungis til þeirra sem ráðnir eru bankastjórar eftir gildistöku laga þessara. Ákvæði 1. mgr. 28. gr. skulu eigi skerða eftirlaun þeirra sem gegna stöðu bankastjóra að föstu aðalstarfi við gildistöku laganna.